



Umræðuskjal

Nr. 4/2019

Drög að reglum um framkvæmd
hæfismats stjórnarmanna og
framkvæmdastjóra
vátryggingamiðlara og einstaklinga
með starfsleyfi sem
vátryggingamiðlari.

1. nóvember 2019



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 22. nóvember nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna regludraga þessara.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

Reglur

um framkvæmd hæfismats stjórnarmanna og framkvæmdastjóra váttryggingamiðlara og einstaklinga með starfsleyfi sem váttryggingamiðlari

I. kafli

Almennt.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra váttryggingamiðlara og einstaklinga með starfsleyfi sem váttryggingamiðlari.

Með stjórnarmönnum er átt við aðalmenn og varamenn í stjórn.

Með framkvæmdastjóra er átt við framkvæmdastjóra váttryggingamiðlara eða einstakling með starfsleyfi sem váttryggingamiðlari.

2. gr.

Tilkynning um nýja stjórn eða framkvæmdastjóra váttryggingamiðlara.

Váttryggingamiðlari skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu svo fljótt sem verða má, þó ekki síðar en viku eftir breytingar á skipan stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra.

Váttryggingamiðlari skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra í gegnum þjónustugátt Fjármálaeftirlitsins.

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri skal skila skriflegum upplýsingum um mat á hæfi og hæfni stjórnarmanna og framkvæmdastjóra svo fljótt sem verða má, þó eigi síðar en tveimur vikum eftir skipun aðila. Spurningarlista um mat á hæfi og hæfni stjórnarmanna og framkvæmdastjóra má finna í þjónustugátt Fjármálaeftirlitsins eftir að tilkynnt hefur verið um skipun viðkomandi.

Fjármálaeftirlitið getur óskað eftir frekari upplýsingum en að framan greinir ef það þykir nauðsynlegt vegna mats á hæfi og hæfni aðila, þ.á m. boðað aðila í munnlegt hæfismat skv. III. kafla.

Ef upplýsingar samkvæmt framangreindu eru ófullnægjandi að mati Fjármálaeftirlitsins og aðili bætir ekki úr innan 14 daga frá því að óskað var frekari upplýsinga, leiðir það til þess að ekki verði unnt að leggja mat á hæfi og hæfni aðila. Skal farið með þá aðila líkt og aðila sem ekki uppfylla hæfisskilyrði laga um dreifingu váttrygginga og stjórnvaldsfyrirmæla, sbr. 12. gr. reglna þessara.

II. kafli

Hæfisskilyrði

3. gr.

Mat á hæfi og hæfni.

Mat á hæfi og hæfni felst annars vegar í yfirferð á skriflegri upplýsingagjöf stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og hins vegar munnlegu hæfismati þegar það á við, sbr. III. og IV. kafla reglna þessara.

4. gr.

Þekking, fagleg hæfni og starfsreynsla.

Við mat á þekkingu, faglegri hæfni og starfsreynslu skv. a. lið 1. mgr. 22. gr. laga um dreifingu váttrygginga er höfð hliðsjón af umfangi og eðli starfsemi þess váttryggingamiðlara sem um ræðir.

5. gr.

Gott orðspor og háttsemi.

Við mat á góðu orðspori og háttsemi skv. b. og e. lið 1. mgr. 22. gr. laga um dreifingu váttrygginga er litið til þess hvort framkvæmdastjóri eða stjórnarmenn hafi sýnt af sér háttsemi, athöfn eða athafnaleysi, sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að líkur séu til að þeir muni misnota aðstöðu sína eða skaða félagið.

Við matið er einnig litið til háttsemi aðila sem kynni að rýra trúverðugleika hans og skaða orðspor félagsins ef opinber væri. Í því sambandi koma m.a. til skoðunar fyrri afskipti Fjármálaeftirlitsins vegna starfa aðila eða vegna starfshátta eftirlitsskylds aðila sem hann var í forsvari fyrir eða bar ábyrgð á og hvort fyrri háttsemi hafi gefið tilefni til ávirðinga á hendur aðila.

6.gr.

Dómur í tengslum við atvinnurekstur.

Með dómi í tengslum við atvinnurekstur í d. lið 1. mgr. 22. gr. laga um dreifingu váttrygginga er átt við að aðili hafi sem starfsmaður, stjórnarmaður, eigandi, verktaki eða vegna annarra tengsla við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um dreifingu váttrygginga eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti ofl., staðgreiðslu opinberra gjalda eða öðrum lögum sem gefur tilefni til að ætla að þeir geti ekki sinnt starfi sínu á forsvaranlegan hátt.

III. kafli

Munnlegt hæfismat framkvæmdastjóra

7. gr.

Munnlegt hæfismat framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri skal undirgangast munnlegt hæfismat innan sex vikna frá því að Fjármálaeftirlitið hefur lokið yfirferð skriflegra gagna skv.II. kafla reglna þessara.

Munnlegu hæfismati er ætlað að kanna hvort framkvæmdastjóri búi yfir nægilegri þekkingu, faglegri hæfni og starfsreynslu til að geta sinnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt. Hæfismatinu er jafnframt ætlað að kanna hvort framkvæmdastjóri fullnægi hæfisskilyrðum 25. gr. laga um dreifingu váttrygginga eins og við á.

Við framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra getur Fjármálaeftirlitið notið aðstoðar utanaðkomandi aðila, s.s. við mat á þekkingu aðila.

8. gr.

Boðun framkvæmdastjóra í munnlegt hæfismat.

Til munnlegs hæfismats skal boðað skriflega með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara og tilgreina hvaða efni verður til umræðu. Boðuðu hæfismati verður ekki frestað nema sýnt sé fram á að ríkar ástæður liggja fyrir og almennt ekki lengur en um eina viku.

9. gr.

Endurtekning munnlegs hæfismats framkvæmdastjóra.

Hafi framkvæmdastjóri að mati Fjármálaeftirlitsins ekki sýnt fram á nægilega þekkingu og faglega hæfni á því efni sem var til umræðu í hæfismati er honum gefinn kostur á að endurtaka munnlega hæfismatið innan fjögurra vikna frá því að niðurstaðan liggur fyrir.

Hæfismat verður einungis endurtekið einu sinni, nema sérstök rök leiði til annars.

10. gr.

Undanþágur frá munnlegu hæfismati framkvæmdastjóra.

Hafi framkvæmdastjóri á síðastliðnum 12 mánuðum sinnt starfi framkvæmdastjóra váttryggingamiðlara og staðist hæfiskröfur Fjármálaeftirlitsins vegna þess starfs getur hann óskað eftir undanþágu frá munnlegu hæfismati.

Beiðni um undanþágu skal send Fjármálaeftirlitinu með skriflegum hætti og studd viðeigandi gögnum.

Fjármálaeftirlitið getur óskað viðbótarupplýsinga ef þörf krefur.

IV. kafli

Munnlegt hæfismat stjórnarmanna

11. gr.

Munnlegt hæfismat stjórnarmanna.

Fjármálaeftirlitið metur hvort stjórnarmenn skuli gangast undir munnlegt hæfismat.

Við matið er m.a. horft til stærðar og umfangs reksturs váttryggingamiðlara og þess hvort vafi sé á að viðkomandi uppfylli skilyrði laga um dreifingu váttrygginga, um nægilega þekkingu, faglega hæfni og starfsreynslu til að geta sinnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt.

Við framkvæmd hæfismats stjórnarmanna getur Fjármálaeftirlitið notið aðstoðar utanaðkomandi aðila, s.s. við mat á þekkingu aðila.

Ákvæði III. kafla reglna þessara gilda eftir því sem við á um munnlegt hæfismat stjórnarmanna.

V. kafli

Mat á hæfi

12. gr.

Niðurstaða mats á hæfi.

Gerir Fjármálaeftirlitið ekki athugasemd við hæfi aðila með vísan til hæfisskilyrða laga um dreifingu váttrygginga og reglna þessara skal það tilkynnt aðila og stjórn váttryggingamiðlara skriflega.

Telji Fjármálaeftirlitið að aðili uppfylli ekki hæfisskilyrði laga um dreifingu váttrygginga og ákvæði reglna þessara eða ef ekki er unnt að leggja mat á hæfi aðila samkvæmt 5. mgr. 2. gr. reglna þessara tilkynnir það aðila og stjórn váttryggingamiðlara skriflega um niðurstöðu sína ásamt rökstuðningi.

Aðila sem uppfyllir ekki hæfisskilyrði laga um dreifingu váttrygginga og reglna þessara er óheimilt að gegna starfi framkvæmdastjóra eða taka sæti í stjórn váttryggingamiðlara. Hafi aðili hafið störf getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að aðili láti af störfum, ýmist tímabundið eða til frambúðar. Ef kröfum Fjármálaeftirlitsins er ekki sinnt innan hæfilegra tímamarka getur Fjármálaeftirlitið einhliða vikið aðila frá störfum sbr. 4. mgr. 10. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

13. gr.

Viðvarandi mat á hæfi

Framkvæmdastjórar og stjórnarmenn skulu á hverjum tíma uppfylla hæfisskilyrði laga um dreifingu váttrygginga og ákvæði reglna þessara. Í því skyni er þeim skylt að viðhalda þekkingu sinni og afla sér nýrrar þekkingar eftir því sem tilefni er til.

Verði breytingar á áður veittum upplýsingum sem geta haft áhrif á hæfi aðila ber honum að tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins án tafar, þó eigi síðar en innan tveggja vikna frá breytingunum.

Fjármálaeftirlitið getur á hverjum tíma tekið hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna til sérstakrar skoðunar.

14. gr.

Mat á hæfi í tengslum við umsókn um starfsleyfi.

Ef mat á hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna tengist umsókn um starfsleyfi sem váttryggingamiðlari, og viðkomandi aðili uppfyllir ekki skilyrði laga um dreifingu váttrygginga, verður starfsleyfi ekki veitt félaginu.

VI. kafli

Gildistaka

15. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar með heimild í 5. mgr. 22. gr. laga nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga og öðlast þegar gildi.